

Fornleifarannsóknir á Litlu-Núpum í Aðaldal árin 2008 og 2009



Lilja Björk Pálsdóttir og Rúnar Leifsson



**FS453-08164
Reykjavík, nóvember 2010**

© Fornleifastofnun Íslands 2010

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Forsíðumynd: Loftmynd af Litlu-Núpum. Tekin í júlí 2010.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Litlu-Núpar 2008.....	6
Könnunarskurðir.....	7
Skurður 5	7
Skurður 4	9
Kumlategur.....	11
Svæði 1	13
Svæði 2.....	14
Litlu-Núpar 2009.....	16
Könnunarskurður.....	17
Kumlategur.....	20
Niðurstöður.....	23
Heimildir	24
Fylgiskjöl.....	25
Rúnar Leifsson	30
A zooarchaeological report on the animal bones excavated at a Viking Age burial site (LNP08) at Litlu-Núpar in 2008.....	30
Rúnar Leifsson	33
A zooarchaeological report on the animal bones excavated at a Viking Age burial site (LNP09) at Litlu-Núpar in 2009.....	33

Inngangur

Frá árinu 2004 hefur verið unnið að rannsókn á bæjarstæði og kumalteig á Litlu-Núpum í Aðaldal, Suður-Þingeyjasýslu. Árið 1915 kom þar í ljós kuml sem var rannsakað sama ár af Matthíasi Þórðarsyni þáverandi þjóðminjaverði. Það var svo við skipulagða leit fræðimanna frá Fornleifastofnun Íslands árið 2004 sem fleiri kuml fundust í grennd við kumlið frá 1915. Voru tvö kuml rannsökuð í kjölfarið¹ en í heildina höfðu árið 2009 verið rannsökuð sjö kuml og er þar með talin með rannsókn Matthíasar Þórðarsonar.

Nokkrir könnunarskurðir hafa verið gerðir í mannvirki á Litlu-Núpum og má af þeim ráða að um útihús sé að ræða. Enn á því eftir að kanna möguleg íveruhús.

Eftir rannsóknir síðustu ára á staðnum er ljóst að ekki eru öll kurl komin til grafar og er stefnt að frekari rannsóknum á bæði kumlateig og bæjarhól Litlu-Núpa á komandi árum.

Það er Hið Þingeyska fornleifafélag sem stendur fyrir rannsókninni í samvinnu við Fornleifastofnun Íslands. Ýmsir hafa komið að verkinu í gegnum árin. Adolf Friðriksson stjórnaði uppgreifti árin 2004-5 en Howell M. Roberts hefur stjórnað uppgreftinum frá 2007.


Aðrir starfsmenn árin 2008 og 2009 voru: David Stott, Lilja Björk Pálsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Stefán Ólafsson og Þóra Pétursdóttir.

Er öllum þeim sem að rannsókninni hafa komið og aðstoðað á einn eða annan hátt hér með færðar innilegar þakkir.



Mynd 1 Litlu-Núpar 2008 eftir frágang. Grjót sýnir staðsetningu tveggja kumla. (Ljósmynd FSÍ)

¹ Adolf Friðriksson ofl. (2005)




Mynd 2 Litlu-Núpar 2008. (Ljósmynd FSÍ)

Litlu-Núpar 2008

Sumarið 2008 hélt rannsókn áfram á Litlu-Núpum en tilgangur verkefnisins er að rannsaka leifar kumlateigs og túns við eyðibýlið Litlu-Núpa. Markmið athugunarinnar er að afla nýrrar þekkingar um eðli kumlateiga á Íslandi, þ.e. stærð, legu, þróun og aldur. Athuganir á garðlögum á Litlu-Núpum eru liður í að kanna þróun og sögu búsetu á staðnum, þ.á m. mögulega ræktun innan garðs og aldur garðlaga.

Að þessu sinni voru opnuð svæði sitthvorum megin við bátskumlið sem rannsakað var árið 2007. Einnig voru gerðir tveir könnunarskurðir, annarsvegar í garðlag vestan við kumlateig og hinsvegar í dæld rétt sunnan við kuml sem þegar hafa verið rannsökuð.



Mynd 3 Staðsetning rannsóknarsvæða 2008

Könnunarskurðir



Skurður 5

Grafinn var könnunarskurður (skurður 5) í garðlag norðvestan við bæjarhól Litlu-Núpa. Þónokkur halli er á landinu á þessum stað en brekkan er vel gróin lynggróðri. Þarna eru nokkur gerði sem vegna hallans gætu hafa verið notuð til ræktunar. Því var afraðið að grafa skurð í eitt af þessum garðlögum. Opnað var svæði sem var einn metri á breidd en fjórir og hálfur metri á lengd. Í ljós komu tvær torfhleðslur: [250] og [247]. Sjá mátti tvö gjóskulög í tengslum við



Mynd 4 Könnunarskurður 5, horft til austurs (Ljósmynd FSÍ)

hleðslunar. Þunn linsa af H-1104 var í áfokslagi sem liggur ofan á báðum hleðslunum og V-1477 er í yfirborðsrótarlagi. Yngri hleðslan, þ.e. ytra garðlagið, hefur verið hlaðin eftir að gerðið var tekið í notkun. Undir báðum garðlögum er hinsvegar uppmokstur með kolum. Pálför voru greinileg við garðlagið og annað rask en einnig kom í ljós hola (sjá teikningu 5) sem var tólf sentimetra breidd efst og um 24 sentimetrar á dýpt. Ekki er hægt að sjá hvaða tilgangi þessi hola hefur þjónað, sakir þess hve takmarkað rannsóknarsvæðið er.



Mynd 5 Teikningar af könnunarskurði 5 (Teikning FSÍ)

Lageiningarnúmer	Svæði	Gerð	Lýsing á lageiningu
243	5	D	Rótarlag
244	5	D	Áfokslag
245	5	D	Áfokslag
246	5	D	Torfhrun
247	5	D	Torfveggur
248	5	D	Áfokslag
249	5	D	Torfhrun
250	5	D	Torfveggur
251	5	D	Hreyft jarðlag með kolum
252	5	D	Áfokslag
254	5	D	Gjóska, H-1104

Tafla 1 Lageiningar í skurði 5



Skurður 4

Könnunarskurður 4 var gerður sunnan við kuml sem rannsökuð voru 2004 og 2007. Suðurmörk kumlateigsins eru ekki þekkt og var gerð þessa könnunarskurðar liður í að athuga hversu langt til suðurs grafreiturnar nær. Talið var hugsanlegt að kuml leyndist þar undir sverði en greinilega dæld mátti sjá á yfirborði. Hluti dældarinnar var kannaður árið 2007 en nú var talið nauðsynlegt að stækka skurðinn frá 2007 til suðurs til að fá betri mynd af henni.



Mynd 6 Könnunarskurður 4, horft til suðurs. (Ljósmynd FSÍ)


Alls var skurðurinn þriggja metra langur og tveggja metra breiður. Eftir að yfirborðslög höfðu verið fjarlægð kom í ljós niðurgröftur en hvaða hlutverki hann hefur gegnt er ekki vitað. Torfleifar (lageining 242) voru í uppmokstri. Ekki er hægt að útiloka að niðurgröfturinn tengist kumlateignum en engin bein eða gripi var að finna í honum og því er ekkert sem getur bent til hvers niðurgröfturinn hefur verið gerður. Í þeim kumlum sem þegar hafa verið rannsökuð á Litlu-Núpum voru grafir oftast mun dýpri en þessi niðurgröftur er, og því er næsta víst að hann er ekki hluti af kumli. Gjóska úr Veidivötnum sem féll 1477 liggur óhreyfð yfir niðurgreftrinum og raski honum tengdu líkt og annarsstaðar á svæðinu.



Mynd 7 Teikningar af könnunarskurði 4 (Teikning FSÍ)

Lageiningarnúmer	Svæði	Gerð	Lýsing á lageiningu
235	4	D	Rótarlag
236	4	D	Gjóska, V-1477
237	4	D	Áfokslag
238	4	D	Blönduð fylling með grjóti
239	4	D	fylling
240	4	C	Niðurgröftur
241	4	D	Grjótarlag
242	4	D	Torf
253	4	D	Gjóska, H-3

Tafla 2 Lageiningar í könnunarskurði 4



Mynd 8 Kumlateigurinn og rannsókuð kuml. (Teikning FSÍ)

Kumlateigur

Árið 2007 kom í ljós bátskuml á Litlu-Núpum.² Það fannst við áframhaldandi rannsókn á kumlum á staðnum en árið 2004 hafði Adolf Friðriksson rannsakað þar tvö kuml. Bátskumlið hafði að geyma beinaleifar þriggja einstaklinga, tveggja karlmannna og einnar konu³ auk koparbjöllu, nokkurra perla og mikils af bátsaumi.

Ákveðið var að kanna svæðið umhverfis bátskumlið til að sjá hvort fleiri kuml leyndust þar. Því voru opnuð svæði sunnan (svæði 2) og norðan (svæði 1) við bátskumlið. Dældir voru sjáanlegar á yfirborði og greinilegir niðurgreftir sáust eftir að yfirborðs- og áfokslög höfðu verið fjarlægð.



Mynd 9 Horft yfir kumlateig til suðurs. Svæði 1 fremst á mynd svo bátskuml og svæði 2 fjær. (Ljósmynd FSÍ)

² Adolf Friðriksson, Howell M. Roberts o.fl. (2007).

³ Hildur Gestsdóttir, óprentað.

Svæði 1

Á svæði 1, norðan við bátskumlið, var byrjað á að opna svæði sem var þriggja metra breitt en fjögurra metra langt. Dæld sást á yfirborði og eftir að yfirborðslög höfðu verið fjarlægð kom í ljós greinilegur niðurgröftur. Hann reyndist vera eins og hálfsmetra breiður og tveggja og



Mynd 10 Hrosskuml [255] fullgrafið. (Ljósmynd FSÍ)

hálfsmeters langur. Í fyllingu voru dýrabein og samkvæmt greiningu á dýrabeinum sem Rúnar Leifsson gerði var um tvö hross að ræða. Hann telur að heilir skrokkar hafi verið settir í kumlið [255] og að telja megi víst að allavega annað hrossanna hafi verið hestur.⁴

Varðveisla á beinum var ekki sérstaklega góð en þó voru þau greinanleg. Beinin voru ekki einungis í kumlinu heldur var þau einnig að finna í uppmokstri vestan við kumlið. Kumlið hefur því verið opnað á ný, sennilega ekki löngu eftir að því var upphaflega fyllt en við það hafa bein og grjótt, sem telja má að tengist kumlinu, dreifst um svæðið. Svipuð ummerki er að sjá bæði við bátskumlið og mannskuml [220] sunnan við það.

Eitt mannabein fannst en það var í uppmokstri nokkru vestan við kuml [255]. Það reyndist vera hægri lærleggur úr fullorðnum einstaklingi en ekki reynist mögulegt að greina það til kyns.⁵

Engir gripir voru í kumlinu.

Svæði 1 var stækkað enn frekar til norðurs svo það næði yfir dæld sem talið var að gæti verið kuml eða leifar kumls. Svo reyndist ekki vera, dældin er að öllum líkindum af náttúrunnar völdum þar sem engan greinilegan niðurgröft var að sjá. Hvorki var bein eða gripi að finna.

⁴ Rúnar Leifsson (2010)

Svæði 2



Mynd 11 Unnið við kuml [220]. Laxá liðast áfram fyrir neðan Litlu-Núpa. (Ljósmynd FSÍ)

Á svæði 2, sunnan við bátskumlið, var rannsakaður niðurgröftur sem talinn er vera mannskuml. Kumlið var um margt óvenjulegt að lögun og stærð. Gröfin sjálf var mun mjórri en gerist í öðrum mannskumlum, sem rannsökuð hafa verið, þó að dýpt hennar sé svipuð og gerist í öðrum kumlum á Litlu-Núpum. Einnig er athyglisvert er að umhverfis kumlið voru stoðarholur sem voru innan sporöskjulaga niðurgrafter, alls fjórar talsins. Í allt eru níu stoðarholur í nálægð við kumlið eins og sjá má á mynd 13. Stoðarholur í tengslum við kuml hafa ekki fundist við rannsóknir áður á Íslandi svo hér er um mjög merkilegan fund að ræða. Svo virðist sem einhverskonar þak hafi verið yfir kumlinu, hugsanlega tjald. Engin mannabein fundust í kumlinu en hinsvegar fundust höfuðbein hunds í því. Næla fannst neðarlega en þétt upp við skurðarbarminn austan megin og má telja hana vísbendingu um að þetta sé mannskuml. Næla þessi er kringlótt úr koparblöndu og á henni skrautverk í Borróstíl

⁵ Hildur Gestsdóttir, óprentað

en einkenni þess stíls eru auk dýramynda, bönd, fléttur og borðalykkjur.⁶ Í Kumli og haugfé er sagt frá fjórtán kringlóttum nælum frá víkingaöld sem þekktar eru hér á landi, þar af



Mynd 12 Næla sem fannst í kumli [220] 2008. (Ljósmynd FSÍ)

fundust tíu þeirra í kumlum. Svipaðar nælur hafa einnig fundist í Svíþjóð (Birka), Færeyjum (Toftanes)⁷ og í Danmörku (Trelleborg)⁸. Hér á landi er næla frá Vaði líkust Litlu-Núpa nælunni en niður úr Vaðsnælunni hanga keðjur og eru koparplötur festar í þær.⁹ Er hugsanlegt að slíkar keðjur hafi einnig verið á nælunni sem fannst í kumli [220].

Í kumlinu fundust einnig járngrípir og skefti, hugsanlega af hnífi. Þrátt fyrir óvenjulega lögun og stoðarholur styður staðsetning niðurgraftarins, beinafundurinn og gripirnir það að um kuml sé að ræða.

Engin mannabein fundust og gæti það bent til þess að gröfin hafi verið notuð tímaabundið og sá sem í henni hvíldi hafi síðar verið færður annað, hugsanlega yfir í bátinn¹⁰ en eins og fyrir hefur komið fram fundust í honum leifar þriggja einstaklinga.



Mynd 13 Kuml [220]. (Ljósmynd FSÍ)

⁶ Kristján Eldjárn og Adolf Friðriksson (2000) *Kuml og haugfé*.

⁷ Hikuin (1989) *Nordatlantisk arkæologi*. Bls 139.

⁸ Nörlund, Poul ritstj. (1948) *Trelleborg. Nordiske Fortidsminder*. bls. 25.


⁹ Kristján Eldjárn og Adolf Friðriksson (2000) *Kuml og haugfé*.

¹⁰ Howell M. Roberts (2009) *Current World Archaeology*. Sjá einnig Adolf Friðriksson og Howell M. Roberts o.fl. (2007) *Fornleifarannsóknir í SP 2007*.

Litlu-Núpar 2009



Mynd 14 Kumlateigurinn á Litlu-Núpum. Rannsóknarsvæði 2009 eftir yfirborðshreinsun. Loftmynd tekin með flugdreka. (Ljósmynd David Stott/FSÍ)



Mynd 15 Staðsetning rannsóknarsvæða sumarið 2009. (Teikning FSÍ)

Sumarið 2009 var rannsókn haldið áfram á kumlateignum. Opnað var svæði á milli kumla sem rannsökuð voru 2004-5 og þeirra sem rannsökuð voru 2007-8. Einnig var ákveðið að gera könnunarskurð í eitt af mörgum gerðum á Litlu-Núpum, að þessu sinni í garðlag austan við bæjarhólinn.




Mynd 16 Garðlag, horft til austurs. (Ljósmynd FSÍ)



Mynd 17 Garður hlaðinn úr streng, ein hlið hlaðin með grjóti. (Ljósmynd FSÍ)

Könnunarskurður


Á Litlu-Núpum eru mörg garðlög og suðaustan til í túninu eru lítil gerði sem nú var litið á. Garðlagið sem kannað var er sigið og ber víða merki uppblásturs. Könnunarskurðinum, sem var 4,5m á lengd og 1m á breidd, var valinn staður á einu af gerðunum og hann staðsettur þannig að hann næði yfir garðlagið og þónokkuð inn í gerðið. Í ljós kom að torf í hleðsluna hefur verið skorið innan við hana ([351]) en pálför voru sjáanleg upp við torfhleðsluna innanverða. Niðurgröftur [348] var greinilegur utan við garðlagið en þétt upp við það. Hugsanlegt er að hann hafi komið til við endurbætur á garðlaginu en eins og sjá má á sniðteikningu 18 hefur verið gert við hleðsluna og nær nýr hluti garðlagsins yfir niðurgröftinn. Torfhleðslan er um 70cm há og 1,8m breið. Grjóti hefur verið hlaðið utanvert á garðlagið en einnig var grjót að finna efst fyrir miðju garðlaginu. Gjóska úr Veiðivötnum, sem féll árið 1477, liggur yfir þykku áfokslagi og er til marks um að garðlagið hafi ekki verið í notkun í langan tíma þegar gjóskan féll.



Mynd 18 Snið- og flatarteikningar af norðurhlíð könnunarskurðs númer 6. (Teikning FSÍ)

Lageiningarnúmer	Svæði	Gerð	Lýsing á lageiningu
346	6	ST	Grjót í viðgerð
347	6	ST	Grjóthleðsla
348	6	C	Niðurgroftur
349	6	D	Viðgerð á vegg
350	6	D	Torfveggur
351	6	C	Pæla
352	6	D	Gjóska, V-1477
353	6	D	Áfokslag
354	6	D	Torfhrun
355	6	D	Uppmokstur
356	6	D	Blanda af gjóskulögnum H-1300 o V-1477

Tafla 3 Lageiningar í könnunarskurði 6.



Mynd 19 Kumlateigurinn og rannsókuð kuml. (Teikning FSÍ)

Kumlateigur

Rannsóknarsvæðið árið 2009 er sunnan og vestan við þau svæði sem rannsökuð voru tvö fyrri ár. Þar sem einnig var þekkt kuml enn vestar (rannsakað 2004/5)¹¹ var ákveðið að opna svæði sem náði frá uppgraftarmörkunum 2007 austanmegin, að uppgraftarmörkum frá 2008 að norðanverðu og út fyrir uppgraftarmörk kumlsins frá 2004/5, alls um 5m x 11m að stærð. Var ætlunin að kanna hvort fleiri kuml leyndust milli þeirra sem þegar var búið að rannsaka en augljóst er að um kumlateig er að ræða en ekki stök kuml. Þau kuml sem þegar eru þekkt mynda ákveðið mynstur, þ.e. kumlin sem rannsökuð voru 2007-8 liggja í nokkuð beinni röð norðvestur-suðaustur og mynda þannig röð. Þrátt fyrir að kumlin sem könnuð voru 2004/5 séu aðeins tvö og um sjö metrar á milli þeirra virðast þau einnig liggja á línu í norðvestur-suðaustur.¹²



Mynd 20 Yfirborðshreinsun (Ljósmynd FSÍ)

¹¹ Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, o.fl. (2005)

¹² Adolf Friðriksson (2009) *Archaeologia Islandica*

Þau ummerki sem fundust árið 2008 við kuml [220], s.s. stoðarholur, benda til ýmissa athafna við kumlin sem hafa ekki sést fyrr á Íslandi. Því var ekki síður talið mikilvægt að opna stærra svæði en venja er við kumlarannsóknir héraendis og freista þess að kanna hvort fleiri slík ummerki kæmu í ljós á milli kumlanna og auka við þekkingu okkar á greftrunarsíðum í heiðni.

Á því svæði sem var kannað sumarið 2009 kom í ljós eitt kuml. Það var staðsett í um metra fjarlægð austan við syðra kumlið sem var rannsakað árið 2008. Talið var í upphafi að grjóthrúga með torflögum hefði að geyma óhreyft kuml. Svo reyndist ekki vera, og er líklegt að þarna sé uppmokstur úr eystra kumlinu að ræða sem var við hliðina á grjótinu. Slíkan uppmokstur var einnig að finna á við hliðina á bátskumlinu sem rannsakað var 2007 og eins og sjá má á yfirlitsmynd 19 sem sýnir afrakstur rannsóknarinnar á árunum 2004-2009, má einnig sjá slíkan uppmokstur við nyrðra kumlið sem kannað var 2008.



Mynd 21 Grjóthrúgan. Kuml sem var rannsakað 2004/5 sést í efra horni vinstra megin. (Ljósmynd FSÍ)

Kuml



Mynd 22 Kumlið fullgrafið. Horft til suðvesturs. (Ljósmynd FSÍ)

Kumlið sem kom í ljós reyndist vera 3,6 metrar á lengd og tæpur metri á breidd. gjóskulag lá óhreyft yfir öllu svæðinu, en ekki tókst með vissu að greina hvort það var H-1300 eða V-1477. Kumlið

er allsérstakt, nokkrar dældir eða holur eru sunnan við aðalniðurgröftinn en ekkert fannst í þessum dældum af beinum eða gripum. Hinsvegar voru hrossbein í aðalniðurgreftinum og lágu þau þétt saman í öðrum enda kumlsins. Um var að ræða nær heila hrossbeinagrind (Sjá dýrabeinaskýrslu Rúnars Leifssonar) og var varðveisla á beinum mjög góð eins og sjá má á mynd 23. Hugsanlegt er að a.m.k. tvær af holunum séu eftir stoðir en hvort dældirnar hafi gegnt einhverju hlutverki er ekki víst, þær gætu allt eins hafa komið til þegar kumlið var opnað fyrir löngu.

Ekki var nein mannabein að finna í kumlinu.



Mynd 23 Hrossbeinin. (Ljósmynd FSÍ)



Mynd 24 (Ljósmynd FSÍ)

Niðurstöður

Könnunarskurðir í garðlög og aldursgreiningar á þeim benda til að búið hafi verið á Litlu-Núpum allt frá 9. öld og fram til 13. aldar. Ekki er mögulegt með gjóskugreiningum að tímasetja nánar hvenær hætt var að búa þar en landnámslagið er að finna þar og svo gjóskulög sem féllu árið 1300 (Hekla) og aftur 1477 (Veiðivötn). Þunn linsa af gjósku úr Heklugosi árið 1104 fannst í áfokslagi upp við garðlag í könnunarskurði 5. Þessi gjóska hefur hins vegar ekki fundist víðar á Litlu-Núpum og því er ekki hægt að styðjast við hana til nákvæmari tímasetningar á búsetunni.

Þau ummerki sem hafa komið í ljós eftir rannsóknir 2008 og 2009 á Litlu-Núpum sýna hversu lítið er vitað um greftrunarsíði í upphafi byggðar á Íslandi. Ýmsar ástæður eru fyrir því að ekki er meira vitað en raun ber vitni. Fyrst má telja að flest kuml á Íslandi hafa fundist við framkvæmdir eða vegna uppblásturs og jarðvegsrofs. Þau hafa því raskast að einhverju eða öllu leyti þannig að ekki var mögulegt að sjá hvernig greftrunarumbúnaði hefur verið háttað.¹³ Önnur ástæða er aðferðafræði sú sem notuð hefur verið við rannsóknir á kumlum hérlendis. Bæði hefur hún verið notuð við svokallaðar neyðarrannsóknir sem koma til við óvænta kumlfundi en einnig rannsóknir í vísindaskyni. Hingað til hafa kuml verið rannsökuð á þann hátt að einungis innihald kumlanna hefur verið kannað en lítið eða ekki verið hugsað út í nánasta umhverfi þeirra.¹⁴

Af því að þær aðferðir sem hingað til hafa verið notaðar veita ekki nægar upplýsingar var ákveðið að ákveðið að nota aðra aðferð við rannsókn á kumlateig Litlu-Núpa þar sem stærri svæði umhverfis kumlin (og meint kuml) eru opnuð og könnuð með uppgrefti. Þannig eru kumlin rannsökuð sem hluti af órjúfanlegri heild fremur en sem minjar sem standa stakar og eru ótengdar að öðru leyti en vegna staðsetningar.

Þessi aðferðafræði er ekki ný af nálinni, henni er beitt við rannsóknir á byggingum og svo framvegis en nýlunda er hinsvegar að nota hana við kumlrannsóknir. Afraksturinn sýnir svo ekki sé um villst að með því að beita þessari aðferð við rannsóknir á kumlum fást meiri upplýsingar um ekki aðeins greftrunarsíði heldur bætist við vitneskjuna um hugarheim þeirra er jarðsettir voru.

¹³ Kristján Eldjárn og Adolf Friðriksson (2000)

¹⁴ Þóra Pétursdóttir (2009)

Heimildir

Adolf Friðriksson (2009) "Social and symbolic Landscapes in late Iron Age Iceland." *Archaeologia Islandica. Rit Fornleifastofnunar Íslands.* Ritstj. Gavin Lucas. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir o.fl. (2005) *Kumlin hjá Litlu-Núpum í Aðaldal. Fornleifarannsókn 2004. (FS271-03264)* Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Adolf Friðriksson, Howell M. Roberts o.fl.. (2007) *Fornleifarannsóknir í S-Pingeyjarsýslu 2007. Samantekt um vettvangsrannsóknir á Þegjandadal, Aðaldal og Reykjadal. (FS-361)* Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

(1989) *Nordatlantisk arkaeologi vikingetid og middelalder: bebyggelse og økonomi.* Hikuin 15 bindi.

Kristján Eldjárn (2000) *Kumli og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi.* 2. útg. Ritstj. Adolf Friðriksson. Fornleifastofnun Íslands, Mál og menning og Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Nørlund, Poul (1948) *Trelleborg. Nordiske Fortidsminder.* IV. Bindi. 1. hefti. Det Kongelige Nordiske oldskriftselskab. København.

Rúnar Leifsson (2010) "A Zooarchaeological Report on the Animal Bones Excavated at a Viking Age Burial Site (LNP08) at Litlu-Núpar in 2008." *Fornleifarannsóknir á Litlu-Núpum í Aðaldal 2008-2009.* Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Rúnar Leifsson (2010) "A Zooarchaeological Report on the Animal Bones Excavated at a Viking Age Burial Site (LNP09) at Litlu-Núpar in 2009." *Fornleifarannsóknir á Litlu-Núpum í Aðaldal 2008-2009.* Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Þóra Pétursdóttir (2009) "Icelandic Viking Graves: Lack in Material-Lack of Interpretation?" *Archaeologia Islandica. Rit Fornleifastofnunar Íslands.* Ritstj. Gavin Lucas. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Óprentaðar heimildir:

Hildur Gestsdóttir: Human Skeletal Remains.

Fylgiskjöl

Lageiningaskrár Litlu-Núpar 2008

Lageining nr.	Svæði	Gerð	Lýsing á lageiningu
150	1	D	Gjóska, V-1477
151	2	D	Yfirborðsrótarlag
152	2	D	Gjóska, V-1477
153	1	D	Fylling
154	1	D	Uppmokstur
155	2	D	Gjóska, H-1300
156	1	D	
157	2	C	Niðurgroftur, ekki upprunalegur
158	2	D	Haugfylling, hreyfð
159	1	D	Torfkenndur uppmokstur
160	1	D	Torfblandaður uppmokstur
161	1	D	Uppmokstur
162	1	D	Grjót
163	2	D	Fylling með grjóti í kumli
164	1	D	Uppmokstur með grjóti
165	2	D	Fylling
166	1	D	Gjóska, V-1477. (Sama og 150)
167	1	D	Uppmokstur
168	2	D	Torf og grjót
169	2	D	Uppmokstur, sendinn
170	1	D	Torfblandaður uppmokstur
171	2	D	Fylling
172	1	D	Uppmokstur
173	1	D	Uppmokstur og áfok
174	2	D	Fylling í stoðarholu
175	2	C	Stoðarhola
176	2	D	Fylling í stoðarholu
177	2	C	Stoðarhola
178	2	D	Fylling í stoðarholu
179	2	C	Stoðarhola
180	2	D	Fylling í stoðarholu
181	2	C	Stoðarhola
182	2	D	Fylling í stoðarholu
183	2	C	Stoðarhola
184	2	D	Fylling í stoðarholu
185	2	C	Stoðarhola
186	2	D	Fylling í stoðarholu
187	2	C	Stoðarhola
188	2	D	Fylling í stoðarholu
189	2	C	Stoðarhola
190	2	C	Niðurgroftur fyrir kuml
191	2	D	Fylling í mögulegu kumli
192	1	D	Torfkenndur uppmokstur
193	1	D	Fylling
194	2	D	Fylling í kumli með grjóti
195	1	D	Torfleifar
196	2	D	Fylling í kumli
197	1	D	Uppmokstur með mól og torfi
198	2	D	Fylling í kumli

Lageining nr.	Svæði	Gerð	Lýsing á lageiningu
199	1	D	Torf og grjót
200	1	D	Torf og grjót
201	1	D	Fylling
202	1	D	Fylling
203	1	C	Niðurgroftur fyrir kuml
204	1	D	Fylling
205	2	D	Fylling í stoðarholu
206	2	C	Stoðarhola
207	2	D	Fylling í stoðarholu
208	2	C	Stoðarhola
209	2	D	Fylling í stoðarholu
210	2	C	Stoðarhola
211	2	D	Fylling í stoðarholu
212	2	C	Stoðarhola
213	2	D	Fylling í stoðarholu
214	2	C	Stoðarhola
215	2	D	Fylling í S-enda kumls
216	2	C	Niðurgrotur fyrir kuml
217	3	D	Fylling í kumli/dæld
218	3	D	Raskaður jarðvegur vestan við kuml/dæld
219	1	D	Uppmökstur
220	1	G	Kuml og stoðarholur
221	1	D	Malarkennd lageining
222	1	D	Torfleifar
223	3	D	Malar- og torfkennd lageining. Sama og 197?
224	1	D	Torfleifar og gjóska
225	1	D	Torfkennt áfok
226	1	D	Mögulega fylling
227	bátskuml	D	Raskaðaur haugur
228	3	D	Torfkennd lageining
229	3	D	Blönduð lageining
230	1	D	Blönduð lageining
231	3	D	Blönduð lageining [230]
232			Teikningar við lok uppgrftar
233	3	C	Niðurgroftur/dæld
234	3	C	Niðurgroftur/dæld
235	4	D	Yfirborðsrótarlag
236	4	D	Gjóska, V-1477
237	4	D	Áfok
238	4	D	Fylling, blönduð með grjóti
239	4	D	Fylling
240	4	C	Niðurgroftur, óþekkt hlutverk
241	4	D	Lageining með grjóti
242	4	D	Torfhausar
243	5	D	Snið í skurði 5
244	5	D	Snið í skurði 5
245	5	D	Snið í skurði 5
246	5	D	Snið í skurði 5
247	5	D	Snið í skurði 5
248	5	D	Snið í skurði 5
249	5	D	Snið í skurði 5
250	5	D	Torfveggur
251	5	D	Snið í skurði 5
252	5	D	Snið í skurði 5
253	4	D	Gjóska, H-3
254	5	D	Gjóska, H-1104
255	1	G	Hrosskuml

Litlu-Núpar 2009

Lageining nr.	Svæði	Gerð	Lýsing á lageiningu
300			Yfirborðsrótarlag
301			Torf og grjót
302		D	Fylling eftir haugrof
303		G	Lagein. tilheyrja kumli rannsakað 2004/5
304		D	Uppmokstur
305		D	Gjóska, H 1300 í dæld
306		D	Teikningar af beinum
307		S	Sniðteikning af kumli
308		D	Haugefni
309		D	Grjót ofan af kumli
310		D	Grjótlag
311		D	Fylling
312		D	Torfblanda
313		D	Fylling
314		D	Fylling í stoðarholu
315		D	Grjót í stoðarholu
316		C	Niðurgroftur, m.a. [314, 315]
317		D	Fylling í kumli
318		D	Fylling í kumli
319		D	Fylling í kumli
320		D	Gjóska, H-1300 og náttúrulegt
321		D	Fylling umhverfis 303
322		D	Torf og hrun
323		D	Fylling stoðarholu í sv horni 303
324		D	Stoðarhola í sv horni 303
325		D	Fylling í kumli
326		G	Hópnúmer fyrir kuml
327		D	Náttúrulegt og gjóska, H-1300
328		D	Náttúrulegt og gjóska, H-1300
329		D	Fylling stoðarholu í SA horni 303
330		C	Stoðarhola í SA horni 303
331		C	Niðurgroftur fyrir syðra kuml í 303
332		C	Niðurgroftur fyrir nyrðra kuml í 303
333		D	Fylling stoðarholu
334		C	Stoðarhola
335		D	Fylling stoðarholu í N horni 303
336		C	Stoðarhola í N horni 303
337		C	Niðurgroftur umhverfis 303
338		D	Gjóskeifur, V-1477
339		D	Áfoks með torfleifum
340		D	Silt- og gjóskublandaður jarðvegur
341		D	Silt- og gjóskublandaður jarðvegur
342		D	Fylling, blönduð
343		D	Grjót og holur PX
344		D	Torf og grjót við kumlbrún
345	4	ST	Grjót
346	4	ST	Grjót í viðgerð á vegg
347	4	ST	Grjót í vegg
348	4	C	Amurphous
349	4	D	Viðgerð á torfvegg
350	4	D	Torfveggur
351	4	C	Pæla
352	4	D	Gjóska, V-1477

Lageining nr.	Svæði	Gerð	Lýsing á lageiningu
353	4	D	Áfok
354	4	D	Torfhrun, fyrsta hrun
355	4	D	Uppmokstur
356	4	D	Gjóskur, H-1300 og V-1477 blandaðar saman

Gripaskrár Litlu-Núpar 2008

Finds No	Context	Type	Material	Description
08-001	198	Lump	Iron	
08-002	198	Brooch	Copper Alloy	Disc brooch, decorated. Textile remains.
08-003	198	Indet	Iron	
08-004	198	Rivet/rove	Iron	
08-005	198	Object	Iron	Nail?
08-006	198	Object	Iron	
08-007	198	Handle	Iron	Remains of wooden handle with tang inside?
08-008	198	Ringed pin	Copper Alloy	From ringed pin
08-009	198	Bead	Glass	Blue double segmented bead
08-010	198	Bead	Glass	Blue simple bead

Litlu-Núpar 2009

Finds No	Conte	Type	Material	Description
09-001	325	Nail/rivet	Iron	Nail or a rivet with badly corroded head or rove. Shank broken.
09-002	325	Nail/rivet?	Iron	Small flat half circular fragment. Possibly nail or rove fragment.
09-003	325	Object	Iron	Iron lump
09-004	325	Nail/rivet	Iron	3 Nails/rivets with shanks. Wood attached.
09-005	325	Nail/rivet	Iron	Shank of a nail/rivet. Wood attached
09-006	325	Buckle?	Iron	Large badly corroded ring. Possibly riding gear - a buckle?
09-007	325	Rivet	Iron	Complete rivet but badly corroded and fragmented.
09-008	325	Object	Iron	Irregular shaped iron lump
09-009	325	Rivet?	Iron	Slightly convexed iron plate/rove?
09-010	325	Fragment	Wood	Two small wood fragments
09-011	325	Rivet	Iron	Complete rivet, now broken in two conjoining pieces. The head is large flat and rounded. The rove is partly broken.
09-012	325	Nail	Iron	Irregular shaped iron lump
09-013	325	Nail/rivet	Iron	Nail shank broken at both ends and now in two pieces. With wood attached.
09-014	325	Nail/rivet	Iron	Nail or a rivet with circular flat head and broken shank. Wood attached.
09-015	325	Rivet?	Iron	Badly corroded iron lump
09-016	325	Nail/rivet	Iron	Circular head, shank broken. Corroded
09-017	325		Iron	MISSING 8/10 209
09-018	325	Indeterminate	Iron	Fragments
09-019	325	Nail	Iron	Nail with bent shank, unusually flat shank. Wood attached
09-020	325	Indeterminate	Iron	Bag 1/4: Three indeterminate iron fragments, possibly nail heads. Bag 2/4: Probably nail shank now in two conjoining pieces. Badly corroded. Bag 3/4: Three corroded iron pieces, one is possibly part of nail head. Bag: 4/4: Iron object attached to stone.

Rúnar Leifsson

A zooarchaeological report on the animal bones excavated at a Viking Age burial site (LNP08) at Litlu-Núpar in 2008

Background

Almost all the animal bone excavated at the Litlu-Núpar burial site in 2008 came from the vicinity of a robbed horse shaped grave [255] to the north of the boat grave [110]. The bone was found both in the grave itself but also scattered to the northwest, probably dug out by the grave robbers along with soil. The exception is a fragmented dog crania and mandible which were found in a separate grave [220] some 12 m away to the south. This report documents the animal bone assemblage.

Horse bones

The following horse specimens were found:

6 cranial fragments, probably from a horse.

1 incisor, fragmented.

1 canine, indicating the presence of a male animal.

3 maxillary molars.

1 fragmented molar.

1 axis, fully fused.

3 thoracic vertebrae, all fully fused but two of them fragmented.

1 sacrum, all five sacral vertebrae present.

1 rib, fragmented, probably horse.

1 femur, left, fully fused. Biometrics (Von den Driesch 1976) GL:390; Bp 111,9, Bd 81,6, SD not possible because of fragmentation on diaphysis.

1 patella

1 calcaneum, left, too eroded for biometrics

1 astragalus, right. Biometrics (Von den Driesch 1976) GH 56,3, LmT 54,84, GB 56,1.

1 astragalus, right. Biometrics (Von den Driesch 1976) GH:56,48; LmT:56,24; GB:62,39.

1 astragalus, left, to eroded for biometrics.

1 central tarsal, left.

1 metapodial, fragmented and badly preserved but looks like the proximal-anterior surface of the diaphysis.

4 first phalanges, all fully fused, one of them very badly preserved.

2 second phalanges, all fully fused.

5 third phalanges.

1 sesamoid, left fetlock.

Discussion:

The horse bone assemblage is largely comprised of robust elements such as tarsal bones, vertebrae, phalanges and teeth. This selective preservation is indicative of destructive taphonomic factors, the main one being the robbery of the grave. After burial bone undergoes physical and chemical changes, but the degradation process often slows down relatively soon and undisturbed bone can be preserved for a significant period of time. When bone is re-exposed, such as by grave robbing, broken and then relocated into a new soil matrix the degradation process may accelerate and lead to very selective preservation of elements (Lyman 2001:404-433). Given the element distribution, cranial fragments, vertebrae, femur and lower leg bones, it is highly probable that complete carcasses were interred. At least two individual horses are present in the assemblage, which is evident because of the 2 right astragali and of the 5 third phalanges. Also, the presence of a canine is indicative of at least one male. All elements found were fully fused and came from adult animals.

Dog bones

The following dog specimens were found:

1 dog crania, fragmented. The frontal bone is broken off and also a part of the nasal bone, permanent dentition is present but does not show much wear.

1 mandible, both sides present, permanent dentition present but does not show much wear.

Discussion:

The mandible articulates with the fragmented cranium and based on moderate tooth wear the individual was adult but not old. No other definite dog bone was found, although some of the unidentified mammal bone below might be dog. No pathology was observed. If the individual was killed with a blow to the frontal bone, then all such evidence has disappeared because of the fragmented state of the crania.

Unidentified mammal bone

The following mammal specimens were found:

7 pieces of cancellous bone, most pieces 1 – 2 cm in diameter.

1 rib, small fragment.

1 thoracic vertebrae, badly preserved, probably from a medium sized mammal, possibly dog?

15 various small fragments.

References

Lyman, R L (2001) *Vertebrate Taphonomy*. Cambridge: Cambridge University Press.

Von den Driesch (1976) A guide to the measurement of animal bones from archaeological sites. *Peabody Museum Bulletin* 1. Cambridge: Harvard University.

Rúnar Leifsson

A zooarchaeological report on the animal bones excavated at a Viking Age burial site (LNP09) at Litlu-Núpar in 2009

Background

The animal bone excavated at the Litlu-Núpar burial site in 2009 came from grave cut [326] and represents a single horse. The animal bone had been disturbed at some point in the past and relocated into a pile at the north end of the grave. The following specimens were recorded (biometrics based on Von den Driesch 1976):

Horse bones

1 crania in 18 fragments. Parietale, and a part of frontale and temporalis, is broken. The skull fracture is compatible with injuries caused by poleaxing.

1 mandible, both sides. The horse is at least 15 years old, based on wear on incisors and molars. The canines are present so the animal was probably male.

3 incisors.

1 hyoid.

1 atlas.

1 axis.

3 cervical vertebrae, fully fused.

16 thoracic vertebrae, fully fused.

6 lumbar vertebrae, fully fused.

1 sacrum, fully fused.

57 rib fragments.

1 scapula, left.

1 scapula, right.

1 humerus, left, fully fused. GL: 275 mm.

1 humerus, right, fully fused. GL:273 mm; BT:70,6 mm; SD:33,3 mm.

1 radius and ulna, left, fully fused. GL(rad):316 mm; Bp: 77,0 mm; BFp:71,3 mm.

1 radius, right, fully fused. GL:319 mm; Bd:68,2 mm; BFd:59,2 mm.

1 ulna, right.

4 carpals, left.

5 carpals, right.

1 metacarpal, right. Second (accessory) m/c is fused with the third (main) m/c. GL:220 mm; Bp:47,7 mm; Bd:46,3 mm; SD:30,4 mm.

1 metacarpal, left. Second (accessory) m/c is fused with the third (main) m/c. GL:220 mm; Bp: 47,7 mm; Bd:48,9 mm; SD:30,3 mm.

1 pelvis, both sides. The pelvis has male characteristics (Getty 1975).

1 patella, left.

1 patella, right.

1 tibia, left, fully fused. GL:334 mm.

1 tibia, right, fully fused.

1 astragalus, left.
 1 astragalus, right.
 1 calcaneum, left.
 1 calcaneum, right.
 3 tarsals, left.
 1 metatarsal, left. GL:261 mm; Bp:45,2 mm; Bd:45,3 mm.
 1 metatarsal, right.
 1 second (accessory) metatarsal, right.
 3 accessory metapodials.
 3 phalanges first, fully fused.
 4 phalanges second, fully fused.
 3 phalanges third, fully fused.
 6 sesamoids.
 30 various small fragments.

Discussion

The element distribution and the total lack of cut and/or chop marks indicates that a complete carcass of a horse was interred in the grave. The only major bones missing are the robust femora, which could have been separated from the rest of the skeleton when the grave was disturbed in the past. The horse was an adult, probably older than 15 years, based on tooth erosion. The presence of canines in the mandible and the morphology of the pelvis indicate that the individual was male. The shoulder height of the horse was roughly 1.30 m¹⁵ which is similar to the modern Icelandic breed. The animal was most likely killed with a blow to the head (poleaxed).

References

Getty, R (1975) *Sisson and Grossman's The Anatomy of the Domestic Animals*, Vol. 1 (5th ed.). Philadelphia: W.B.Saunders.

May E (1985) Wideristhöhe und Langknochenmaße bei Pferd – ein immer noch aktuelles Problem. *Zeitschrift für Säugertierkunde* 50, 368-382.

Von den Driesch (1976) A guide to the measurement of animal bones from archaeological sites. *Peabody Museum Bulletin* 1. Cambridge: Harvard University.

15 Based on regression equations from May (1985). Withers height (mm) = GL*appropriate factor. : r Radius: 319*4,111=1311,409. I Metacarpal: 220*6,102=1342,44. I Tibial: 334*3,947=1318,298. L Metatarsal: 261*5,239=1367,379.

